

Norðurslóðasamstarf og Northern Forum

Í stefnu Akureyrarbæjar í erlendum samskiptum er áhersla lögð á norðurslóðasamstarf enda lagði vinnuhópur sem skipaður var til að móta stefnuna til að bærinn legði enn ríkari áherslu en áður á virka þátttöku í norðurslóðamálum, innanlands sem utan (sjá tillögur vinnuhóps sem lagðar voru fram í bæjarráði 14.7.2016 og í bæjarstjórn 20.9.2016).

Akureyri hefur smám saman verið að þróast í að verða miðstöð norðurslóða á Íslandi. Þar skiptir ekki síst máli að stofnanir eins og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og skrifstofur CAFF og PAME, sem eru fastir vinnuhópar Norðurskautsráðsins (Arctic Council), eru staðsettar á Akureyri. Háskólinn á Akureyri er hluti af Háskóla norðurslóða (University of the Arctic) og starfrækir námsbraut í heimskautarétti. Þá hafa fyrirtæki í bæjarfélaginu stofnað samtök sín á milli, Arctic Services, sem ætlað er að sinna þjónustu við Grænland á sviði iðnaðar og tækni. Nú nýlega bættist síðan skrifstofa Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar í Norðurslóðanetið.

Í tillögu vinnuhópsins um enn virkari þátttöku var lagt til að það yrði gert m.a. með þessum hætti:

- aðild að samtökum sem tengjast norðurslóðum. Leggja þarf áherslu á að Akureyri verði miðstöð norðurslóða á Íslandi og marki sér þá sérstöðu að leggja áherslu á þróun og þekkingu (þ.á m. öryggismál). Lagt er til að vörumerkið Arctic Akureyri verði samnefni alls norðurslóðastarfs á Akureyri og Akureyrarbær haldi utan um einfalda vefsíðu með yfirliti yfir norðurslóðastarf í bænum. Sjá www.arcticakureyri.is
- áframhaldandi aðild að Northern Forum, sem eru samtök um samstarf svæða á norðurslóðum um eflingu byggðar og mannlífsgæða. Markmiðið með aðild Akureyrarbæjar er að skapa sér sérstöðu sem alþjóðlegur norðurslóðabær.
- áframhaldandi aðild að Norðurslóðaneti Íslands sem er samstarfsvettvangur stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka á Íslandi sem vinna að málefnum norðurslóða. Skrifstofa Norðurslóðanetsins er á Akureyri og gerðist Akureyrarbær aðili að netinu vorið 2015 í því skyni að styrkja Akureyri í sessi sem miðstöð norðurslóða.
- að Akureyrarbær gerist aðili að Norðurslóða viðskiptaráðinu í þeim tilgangi að vekja enn meiri athygli á því að bærinn er miðstöð norðurslóða á Íslandi. Aðild að viðskiptaráðinu yrði fyrst og fremst yfirlýsing.
- Megináhersla Akureyrarbæjar í norðurslóðasamstarfi sé jafnrétti og umhverfismál.

Akureyrarbær hefur verið aðili að Northern Forum síðan árið 2003. Markmið samtakanna er:

- að bæta lífsgæði íbúa norðurslóða með því að gera leiðtogum svæða kleift að miðla þekkingu sinni og reynslu í að takast á við sameiginlegar áskoranir
- að styðja við sjálfbæra þróun og framkvæmd samstarfs í félagslegs- og efnahagslegum aðgerðum á norðurslóðasvæðum í gegnum alþjóðlega umræðu

Haldið er utan um starf samtakanna á skrifstofu þeirra í Yakutsk í Rússlandi. Stjórn samtakanna er board of governors og regional coordinators halda síðan utan um starf hvers svæðis og mynda samstarfshóp sín á milli. Starfandi eru vinnuhópar þar sem lögð er áhersla á loftlagsbreytingar, samgöngur og samskipti, nýtingu orkuauðlinda, menningu, húsnæðismál, heilsu- og félagsleg málefni, vísindi og menntun, viðskiptasamstarf og mat á lífsgæðum. Markmiðið er að koma á raunhæfum verkefnum sem styðja við markmið samtakanna.

Bæjarstjóri situr í board of governors og aðstoðarmaður bæjarstjóra er regional coordinator.

Árið 2007 var lögð fram tillaga á allsherjarþingi NF um flutning höfuðstöðvanna til Akureyrar. Á þeim tíma voru þær í Anchorage í Alaska. Vegna efnahagsástands á Íslandi var skrifstofan flutt til Yakutsk í Rússlandi þar sem hún er enn.

Árgjald í samtökunum er 5000 dollarar og hefur hvað Akureyrarbær varðar verið óbreytt lengi.

Þegar Akureyrarbær gekk í samtökin voru þar þátttakendur frá Alaska í USA, Norðurlöndunum, Rússlandi og Asíu. Aðildarríkjum fækkaði hins vegar á tímabili og eftir urðu aðeins all nokkur rússnesk ríki, eitt frá Kóreu og Akureyrarbær. Helsta áherslan á undanförunum þremur árum hefur verið að efla samtökin á ný og á síðasta ári gengu Alaska og Lappland aftur í samtökin. Í þeirri vinnu gegndi Akureyri mikilvægu hlutverki sem milliliður og málamiðlari.

Áherslumunur er milli þátttökuríkja í því hvernig framtíð samtakanna eigi að þróast og því má segja að þau standi á ákveðnum tímamótum. Á fundi Regional coordinators sem undirrituð sótti í Khanty-Mansiysk í Rússlandi nú í júní var staðan rædd og unnin hugmyndavinna um hvernig samtökin gætu endurnýjað sig í áherslum og þannig laðað að ný aðildarríki/svæði. Mikil og góð samvinna náðist og samhljómur var um mögulegar breytingar á framtíðarsýn. Þessari vinnu verður haldið áfram á Allsherjarþingi NF í nóvember. Það er því afar mikilvægt að fulltrúar bæjarins í samtökunum geti sótt þingið til þess að fylgja eftir áherslum bæjarins sem og ljúka þeirri vinnu sem þeir hafa komið að sl. þrjú árin.

Þær áherslubreytingar sem helst er verið að horfa til eru þessar:

- Gera rödd NF sterkari í Norðurslóðasamhenginu
- Hafa meiri tenging við Norðurskautsráðið (Arctic Council) m.a. með því að tengja formennsku í NF við formennsku í AC
- Skoða nýja fjármögnunarmöguleika fyrir verkefni
- Formgera samstarf við business partners sem eru aðilar að samtökunum
- Skoða nýja staðsetningu skrifstofu (Akureyri gæti boðið sig fram).

Eins og áður er sagt hefur Akureyri markað sér sess sem miðstöð norðurslóða á Íslandi. Akureyrarbær gegnir mikilvægu hlutverki í því að styðja við starf þeirra stofnana og fyrirtækja sem hér eru staðsett á „móraliskan“ hátt með því að vera virkur þátttakandi í samtökum eins og Northern Forum. Það styrkir grunninn fyrir staðsetningu þeirra og eykur líkurnar á að hér rísi upp fleiri stofnanir og fyrirtæki sem starfa að málefnum norðurslóða.

Út á við skiptir það líka máli fyrir Akureyrarbær að tengja sig alþjóðlegu starfi. Hlutverk borga og bæja í alþjóðlegu starfi fer vaxandi og því mikilvægt fyrir bæjaryfirvöld að marka Akureyri skýran sess í þeirri þróun. Þátttakan í NF hefur m.a. gert það að verkum að Akureyri er þekkt nafn í norðurslóðasamhengi og bærinn nýtur virðingar sem norðurslóðabær Íslands og þar með áhrifavaldur í alþjóðlegum samskiptum. Fjölmeðgöng boð um þátttöku í fundum, ráðstefnum og annars konar samstarfi berast á borð bæjarstjóra, ekki síst varðandi norðurslóðamál. Þátttaka í Arctic Mayors Roundtable sem haldið var í Alaska í maí er dæmi um slíkt. Það verkefni er tengt NF og ef framhald verður á því gæti það styrkt stöðu málaflokksins og eflt stöðu Akureyrar enn frekar. Nú þegar þetta er ritað liggja fyrir boð um þátttöku í öðrum fundi Arctic Mayors Roundtable í Tromsø í janúar 2018. Einnig liggja fyrir boð um þátttöku í EU-European Arctic Dialogue Seminar í Brussel í nóvember 2017, boð um þátttöku í Rovaniemi Arctic Spirit – conference sem sömuleiðis verður haldin í nóvember og þátttaka í a.m.k. tveimur sessionum sem tengjast borgum á norðurslóðum á Arctic Circle í Reykjavík í október.

Nú þegar fyrir liggur að Ísland muni taka við formennsku í Norðurskautsráðinu 2019 er enn mikilvægara að Akureyri haldi sinni góðu stöðu sem heimabær norðurslóða og verði mikilvægur samstarfsaðili í þeim ráðstefnum og verkefnum sem unnin verða á formennskuárunum. Fulltrúar Akureyrarbæjar hafa tekið þátt í hugarflugsfundi á vegum utanríkisráðuneytisins vegna undirbúnings fyrir formennskuárin. Verði af því að formennska í NF haldist í hendur við formennsku í Norðurskautsráðinu mun Akureyrarbær gegna miklu hlutverki á árunum 2019-2021.

17. júlí 2017

Katrín Björg Ríkarðsdóttir

aðstoðarmaður bæjarstjóra